



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Samgöngustefna utanríkisráðuneytisins

Markmið samgöngustefnu utanríkisráðuneytisins er að stuðla að því að starfsfólk noti vistvænan og hagkvæman ferðamáta.

Utanríkisráðuneytið vill leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfi og heilsu starfsfólks ráðuneytisins sem og allra landsmanna.

Utanríkisráðuneytið vill sýna gott fordæmi og efla vitund fólks um vistvænar samgöngur.

Leiðir

- Ráðuneytið hvetur starfsfólk til að nota almenningsamgöngur til og frá vinnu. Í þeim tilgangi styrkir ráðuneytið árlega kaup á samgöngukorti frá Strætó bs. fyrir allt að 60.000 kr. á ári fyrir það starfsfólk sem ákveður að nota strætisvagna til að ferðast í og úr vinnu.
- Ráðuneytið hvetur fólk til að ganga eða hjóla til og frá vinnu. Starfsfólk sem notar slíkan vistvænan samgöngumáta fær greiddar 5.000 kr. samgöngustyrk mánaðarlega með launum.
- Ráðuneytið gerir 12 mánaða samgöngusamning við þá starfsmenn sem nota vistvænan samgöngumáta.
- Ráðuneytið mun kappkosta að tryggja góða aðstöðu á vinnustað fyrir þá sem stunda vistvænar samgöngur.
- Fyrir það starfsfólk sem notar vistvænan samgöngumáta greiðir ráðuneytið leigubílakostnað í neyðartilvikum á vinnutíma, t.d. vegna veikinda starfsmanns eða náins ættingja.
- Starfsfólk fer gangandi á fundi ef það tekur 10 mínútur eða skemur, annars er notast við leigubíla eða strætisvagna ef það hentar og mun ráðuneytið kaupa staka miða í strætisvagna í því skyni.
- Þegar pantaðir eru leigu- og/eða bílaleigubílar skal óskað eftir vistvænum bílum.
- Starfsfólk skal samnýta ferðir með leigu- og bílaleigubílum eins og kostur er.
- Þegar notaðir eru hópferðabílar skal nota vistvæna bíla þegar því verður við komið.
- Ráðuneytið hvetur starfsfólk til að fjölga síma- og fjarfundum eins og kostur er.

Utanríkisráðuneytið

Dagsett, 1. janúar 2017